



25.01.2022

Viðstaddir

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH	15239
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kóp	
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk	Fundarritari
Andrés B. Andreassen	ABA	Rvk	EKS / einar@vso.is
Björg Fenger	BF	G.bæ	
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn	
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin	
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH	
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf	
Forfallaðir			

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 25.01.22 kl. 11:00.

2 Síðasta fundargerð

Fundargerð 08.12.2021 samþykkt samhljóða.

3 Lyftur Bláfjöll

Að beiðni Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs tók EKS/VSÓ til rýni umsókn Doppelmayr/ÍAV um starfsleyfi. Með umsókninni fylgdu ýmis gögn um áhættugreiningar, viðbragðsáætlanir o.fl.

- ⇒ Að mati VSÓ var öllu skilað sem gerð er krafa um í útboðsgögnum og eðlilegt er að fylgi umsókn um starfsleyfi á vatnsverndarsvæðum. Farið yfir málið á fundi með HEHK
- ⇒ HEHK mun gefa út starfsleyfið til Doppelmayr með þeim skilyrðum/kröfum sem venja er og þörf er á

Fulltrúi frá Doppelmayr kemur til Rvk í næstu viku til fundar með sínum samstarfsaðilum og undirverktökum. Tækifærið nýtt og bókaður er fundur með VSÓ mið 02.02.

Í lok nóvember kallaði EKS eftir upplýsingum Doppelmayr um hvernig þeir hygðust uppfylla kröfur útboðsgagna um tæringarvarnir stáls/málma. Svör voru ekki nægilega ítarleg og vísað til hefðbundinna krafna og fyrri verka Doppelmayr. VSÓ tók saman ítarlegt skjal með kröfum útboðsgagna og þess staðals sem vísað er til – með samanburði við upplýsingar Doppelmayr. Ekki var fullt samræmi á milli og hefur skjalið verið í vinnslu og umræðu liðnar vikur.

- ⇒ Málið vonandi leitt til lykta á fundi með Doppelmayr hjá VSÓ 2. febrúar.

EKS fer til höfuðstöðva Doppelmayr í Wolfurt í lok febrúar. Farið verður m.a. yfir verksmiðju/lager og tekin út staða verksins fyrir næstu reikninga sem gerðir verða í viku 09.

Rætt um umfang/fyrirkomulag faglegs/tæknilegs eftirlits með framkvæmdum. Ekki er um að ræða hefðbundið útboð, heldur alverktöku.

- ⇒ EKS mun taka saman minnisblað um tilhögun fyrir næsta fund

MÁ/EB skilgreina fyrir næsta fund sýn skíðasvæðanna á rif núverandi lyfta – hvað skíðasvæðin vilja annast sjálf og hvort/hvaða búnaður/mannvirki verða nýtt.

4 Salerni Suðursvæði

MÁ mun ræsa Feril í endurskoðun/uppherslu útboðsgagna með það að markmiði að ná niður kostnaði.

⇒ Gögnin verði borin undir verkefnishóp til yfirferðar/samþykktar fyrir útboð

5 Skálafell

Málið í vinnslu hjá samráðsnefnd. Aukafundur áætlaður á morgun.

6 Innviðir

Rafkerfi í Bláfjöllum eru ekki skýr. Eignarhald á þáttum kerfisins virðist óljóst og á kortavef Veitna eru ýmist sýndar lagnir sem eru ekki eru til staðar eða það vantar lagnir sem eru til staðar. Illa hefur gengið að ná fundi Veitna til að fara yfir fyrirkomulag rafdreifikerfa og uppbyggingu m.t.t. fyrirséðra framkvæmda – heldur kalla Veitur eftir umsókn um heimtaugar sem fyrsta skref. Slíkar umsóknir eru hins vegar ekki tímabærar fyrr en kominn er rafvirkjameistari á verkin og hönnunargögn klár. Brýnt er að skerpa á málum sem fyrst því þau hafa áhrif á rekstur samningsins við Doppelmayr.

Svipuð staða er uppi varðandi aðra innviði s.s. fráveitu, vatnsveitu og fjarskipti. Innviðirnir tengist einnig skálamálum – rekstri þeirra, fasteignagjöldum, heimtaugum/heimæðum o.fl.

⇒ Ákveðið að EKS greini málið betur og leggi fyrir hópinn

⇒ Áhersla á rafmagnsmál sem tengjast Doppelmayr

7 Fjárveitingar og kostnaðargát

ABA kynnti excel líkan með kostnaðargát verkefnisins, þá sérstaklega Gosa og Drottningu. Í framhaldi rætt um tengsl við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna, efnahagsreikning, eignfærslur o.fl.

⇒ Skjalið verður unnið áfram í samstarfi við RS og PBG.

⇒ PBG mun kynna málið/líkanið á næsta fundi SSH 7. febrúar.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn